

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu árgjalds frá einum prestakalli til annars.—Í póknanlegu brjefi, 18. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, með skírskotun til tillagna yðar í brjefi 7. febr. p. á., um framkvæmd á ákvörðuninni í 3. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla á Íslandi, og sömuleiðis í sambandi við brjef yðar 5. maí síðastliðinn, lagt það til, að árgjald það, sem samkvæmt nefndum lögum hvílir á Laufás-prestakalli í Suður-Þingeyjarprófasstdæmi, að upphæð 400 kr., greiðist þannig, að frá Laufás-prestakalli verði eptirfylgjandi jarðir lagðar til Þönglabakka-prestakalls í sama prófastsdæmi, sem samkvæmt prestakallalögnum á að fá 500 kr. uppbót úr landssjóði :

Lómatjörn, árlegt afgang kr.	102,98
Grund, ——— —	92,71
Pálsgerði, ——— —	76,85
Litlagerði, ——— —	44,30
Heiðarhús, ——— —	68,99
	<hr/>
Alls kr.	385,83

og að þær kr. 14,17, sem þá standa eptir af árgjaldinu af Laufás-prestakalli greiðist í landssjóð, og að kr. 114,14 þær, sem vantar upp á uppbótina til Þönglabakka, greiðist úr landssjóði.

Út af þessu læt eg eigi hjá líða, í sambandi við brjef mín 18. apríl og 3. júní p. á., þjónustusamlega að tjá yður, til póknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg, samkvæmt heimild þeirri, sem mjer var veitt með konungsúrskurði 16. apríl p. á., fellst á ofanritaðar tillögur yðar, og vil jeg sömuleiðis þjónustusamlega skora á yður, að gjöra póknanlegar ráðstafanir til að framkvæma þær og vonast jeg eptir á sínum tíma að fá skýrslu um það.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um fjárhald landssjóðskirkna. — Með póknanlegu brjefi, dags. 23. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á alþingi síðastliðið sumar, þar sem skorað er á stjórnina, að leita enn á ný samninga við hlutadeigandi söfnudi um, að þeir, samkvæmt lögum 27. febr. 1880, taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landssjóður á, og sömuleiðis, að leggja lagafrumvarp um afhendinguna fyrir alþingi 1889, ef sanngjarnir kostir bjóðast af hendi safnaðanna. Hafið þjer látið í ljósi, að yður þætti þingsályktunin svo vaxin, að hana ætti að taka til greina, og lagt það til, að yður yrði veitt heimild til að gjöra það, sem nauðsynlegt er í þessu efni.

Út af þessu skal yður tjáð þjónustusamlega, til póknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg veiti yður hjer með hina umbednu heimild.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sameiningu sýslumannsembættanna í Dalasýslu og Strandasýslu. — Í póknanlegu brjefi, dags. 25. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá, að á alþingi síðastliðið sumar hafi í neðri deild þingsins verið samþykkt lagafrumvarp um að sameina sýslumannsembættin í Dalasýslu og Strandasýslu í eitt embætti, en að frumvarp þetta hafi verið felit í eðri deild, sökum þess, að málið þótti eigi nægilega undir búit, en að það hafi verið látið í